



Grípið gæsina meðan gefst.

Gamli barnaskólinn, Skógum Fnjóskadal, (Kaffihúsið Uglan) þar sem Vaðlaheiðargöng eru, hefur áhuga á að leigja út aðstöðu til reksturs matsölu og eða kaffihúss í sumar. Góð aðstaða fyrir listsýningar, handverkssölu ofl.

Miklir möguleikar.
Áhugasamir hafi samband í síma 849 8902.

Kynningarfundur fyrir íbúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps verður á Narfastöðum, fimmtudaginn 26. febrúar kl. 20:00.

Þetta verður léttur fundur þar sem fjallað verður um hlutverk Rauða krossins og farið yfir helstu verkefni sem deildin er að sinna. Eitt hlutverka Rauða krossins er að sinna neyðarvörnum þegar hættuástand skapast vegna náttúruhamfara eða stórslysa.

Það hefur heilmikið mætt á deildinni í því ástandi sem staðið hefur yfir vegna óróa í kringum Bárðarbungu.

Á fundinum gefst tækifæri til að fræðast um þá vinnu sem unnin hefur verið undanfarna mánuði.

Allir eru hjartanlega velkomnir sem áhuga hafa á að kynna sér starf Rauða krossins.

Rauði krossinn í Þingeyjarsýslu



Stofnfundur.

Hagsmunasamtök smábænda og sáðmanna munu ekki halda stofnfund sinn í Seli þriðjudaginn 24. febrúar n.k. klukkan 20:00. Allir velkomnir, undirbúningshópurinn.



Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir
Sími: 464 4343, 866 0311
Netfang: myflugan@emax.is

7. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 18. feb. 2015

Afmælisbörn dagana 19. feb. — 11. mars 2015

19. Ólöf Hallgrímsdóttir, Óðinn Þór Óskarsson,
Þórunn Snæbjörnsdóttir
21. Karl Sigþór Þorsteinsson, Kristín Hólmgeirsdóttir.
24. Lovísa Leifsdóttir.
25. Árni Halldórsson, Ásta Þórey Lárusdóttir.
26. Sigurjón Bessi Brynjarsson.
27. Einar Bjarki Leifsson, Ingigerður Arnljótsdóttir.
1. Ellert Aðalgeir Hauksson.
2. Guðný Halldórsdóttir.
3. Arnljót Anna Jóhannsdóttir.
4. Álfdis Sigurveig Stefánsdóttir, Ómar M. H. Zariöh.
7. Þorsteinn Aðalsteinsson.
8. Halldór Björke Helgason.
11. Arnheiður Rán Almarsdóttir.

Mýflugan

Kæru lesendur
og viðskiptavinir.

MUNIÐ!!

Næsta Mýfluga kemur út miðvikudaginn 11. mars.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.
Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Kveðja, Hrafnhildur.

Siberian Husky hvolpar - ættbók frá HRFÍ.

Múlaræktun er með tvær 3 1/2 mánaða gullfallegar tíkur til sölu.

Foreldrar eru báðir innfluttir og hefur gengið vel á sýningum.

Þau eru með hrein augu og A mjaðmir

Þau eru einnig góðir sleðahundar.

Tíkurnar eru heilsufarsskoðaðar, fullbólusettar, ormahreinsaðar.

Nánari upplýsingar og fullt af myndum á

heimasíðunni www.icelandichusk.com einnig í

icelandichusky@gmail.com og sínum 557 7241, 899 0241.

Þær verða í Mývatnssveit 16.-24. febrúar ef einhver vill kíkja á þær.



Kiwanisklúbburinn Herðubreið

verður með konudagsblóm til sölu

föstudaginn 20. febrúar og

laugardaginn 21. febrúar í Samkaup Strax, Reykjahlíð.

Einnig verða konudagsblóm til sölu í Jarðböðunum á sama tíma á föstudag og einnig á laugardag og sunnudag.

Þá verður boðið upp á akstur með blóm í sveitina ef þess verður óskað.

Hafið samband í síma 861 4420 og 897 4108.

Munið eftir konudeginum.

Kiwanisklúbburinn Herðubreið.



Doði í höndum /fötum



Mjaðmaverkir

Vöðvabólga

Nudd

Kæru Mývetningar!

Ég er mikið spurð að því hvort ég sé að nudda.

JÁ, ég er að nudda og það gengur mjög vel.

Ég er með notalegt nuddherbergi heima á Skútustöðum og fæ nuddþegana mína þangað.

Ég stefni á að útskrifast sem heilsunuddari frá Nuddskóla Íslands í lok maí n.k.

Á þessari önn er ég að taka 2 síðustu bóklegu áfangana jafnframt því sem ég er að safna mér síðustu nuddtímunum af þeim 900 tímum sem ég þarf að safna til að útskrifast.

Ég býð ykkur því upp á **gott nudd á nemagjaldi** fram að útskriftinni í vor.

Hálsrígur

Þið getið pantað nuddtíma á

netfangið audjon@ismennt.is eða í síma 858 1701

Fótaverkir

Velkomin í nudd.

Auður

Kannski get ég hjálpað?

Fjöregg boðar til félagsfundar
fimmtudaginn 26. febrúar kl. 20:00
í Hótel Reynihlíð.

Við hvetjum félagsmenn til að hitta okkur yfir heitum bolla og óformlegu spjalli.

Við fáum svo góðan gest í heimsókn, sveitarstjóri kemur og fer yfir það sem er í deiglu í sorpmálum í sveitinni.

Með góðri kveðju
Stjórnin



Fjöregg

Elisabet Sigurðardóttir og Arnheiður Almarsdóttir véku af fundi og Yngvi Ragnar Kristjánsson og Sigurður G. Böðvarsson tóku sæti á ný. Oddviti, Yngvi Ragnar Kristjánsson tók við fundarstjórn á ný.

- Í bréfinu er m.a. spurst fyrir um ástæðu hækkunar leikskólagjalda sem og ýmis atriði er snúa að innra starfi leikskólans Yls. Þá hvetur bréfitari sveitarstjórn til að boða til fundar með foreldrum leikskólanna þar sem rædd yrðu málefni leikskólans Yls. Sveitarstjórn þakkar bréfitara og samþykkir að boða til opins fundar um málefni leikskóla við fyrsta tækifæri. Sveitarstjóra og varaoddvita falið að auglýsa og undirbúa fundinn. Undir þessum lið kynnti varaoddviti niðurstöðu skoðunarkönnunar sem gerð var meðal foreldra um fyrirkomulag sumaropnunar leikskólans. Sveitarstjóra og varaoddvita falið að vinna áfram í málinu í samráði við leikskólastjóra.
- Í bréfinu greinir bréfitari frá að honum hafi borist reikningur frá Veitustofnun Skútustaðahrepps dags. 27. janúar 2014. Telur hann að umræddur reikningur sé rangur og tilhæfulaus þar sem bréfitari sé ekki viðskiptavinur Veitustofnunar Skútustaðahrepps og engir útreikningar liggi til grundvallar umræddri kröfu. Sveitarstjóra falið að svara bréfitara í samráði við lögmann sveitarfélagsins.
- Í bréfinu er vakin athygli á að Ríkisendurskoðun hafi ekki borist ársreikningur fyrir sjóðinn Skúta, en sjóðum og stofnunum sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá sbr. lög nr 19/1988 með síðari breytingum ber að skila ársreikningi nýliðins árs til ríkisendurskoðunar. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við endurskoðanda sveitarfélagsins.
- Sveitarstjóri fór yfir helstu verkefni og stöðu einstakra mála frá síðasta fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11:00

*Yngvi Ragnar Kristjánsson
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir
Guðrún Brynleifsdóttir
Sigurður G. Böðvarsson
Friðrik Jakobsson
Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri*

Aðalfundur

Búnaðarsambands Suður Þingeyinga verður haldinn að Sólvangi á Tjörnesi, miðvikudaginn 25. febrúar kl. 11:00.

- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Kosning fulltrúa á Búnaðarþing.
- Önnur mál.

Stjórnin



Konudagur



er fyrsti dagur góu, sem er sunnudagurinn í 18. viku vetrar.
Rétt eins og fyrsti dagurinn í þorra er bóndadagurinn.
Þann dag minnstust bændur og eiginmenn húsfreyjunnar með því að fagna góu, sem færir með sér vaxandi birtu og vorinnganginn.

Næstkomandi sunnudag (konudaginn) munum við bjóða upp á skemmtilega sagnaskemmtun, Mér er skemmt, og árbít "brunch" sem hefst kl. 13:00 (ATHUGIÐ BREYTTAN TÍMA).

Það er í fjórða skipti sem að við fáum skemmtilega sagnamenn til að koma og segja sögur. Sagnamenn í þetta skiptið verða Björn Ingólfsson fyrrverandi skólalastjóri á Grenivík og Árni Jónsson frá Fremstafelli. Með þeim verður Jóhannes Sigmundsson frá Syðra-Langholti með fyrstu bók sína, Gamansögur úr Árnesþingi, sem kom út í sl. október. Ásta Kristín Benediksdóttir íslenskufraeðingur frá Arnarvatni mun stýra samkomunni.

Allar konur sem að mæta í upphlut eða í peysufötum fá frítt inn á skemmtunina og árbítinn.
Alltaf hefur verið fullt út úr dyrum þannig að pantið í tíma.
Verð pr. mann 3.500,- Sel-Hótel Mývatn s. 464 4164.

Laugardagskvöldið 21. febrúar.

Í tilefni að konudagshelginni, munum við fá Heilsutríóið, sem samanstendur af fjórum starfsmönnum Heilbrigðisstofnunar Norðurlands á Húsavík.

Það eru þau Ásgeir Böðvarsson, Edda Björg Sverrisdóttir, Unnsteinn Ingi Júlíusson og Daníel Borgþórsson. Undir ljúfum tónum þeirra verður framreiddur þriggja rétta glæsilegur kvöldverður. Boðið verður upp á fordrykk kl. 19:30 og borðhald hefst kl. 20:00.

Forréttur:

Hvítlauksristaðir sjávarréttir í stökkri skál með ruccola og lime "crème fraise"

Aðalréttur

Hægelduð nautasteik með karteflu "terrine", steiktu grænmeti og portvíns-gljúa

eða

Grilluð humarfyllt svínalund með julienne grænmeti, choron sósu og confit karteflu.

Eftirréttur

Ostaplatti með sultum, kexi, berjum og 70% Walrona súkkulaðibollum. Kaffi og te.

Kr. 6.900,-

Örfá sæti laus Sel-Hótel Mývatn s. 464 4164



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

13. fundur

að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 11. febrúar kl. 09:15

Mættir: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Guðrún Brynleifsdóttir
Sigurður G. Böðvarsson, Friðrik K. Jakobsson og Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri
sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Fundargerðir
 - a. Umhverfisnefndar frá 26. janúar 2015
 - b. Skipulagsnefndar frá 2. febrúar 2015
3. Hótel Gígur- deiliskipulag lóðar
4. Bréf Hildu Kristjánsdóttur dags. 8. janúar 2015
5. Bréf Jóhanns F. Kristjánssonar dags 29. janúar 2015
6. Bréf ríkisendurskoðunar dags 30. janúar 2015
7. Skýrsla sveitarstjóra - munnleg.

Efni til kynningar.

Fundargerðir Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra frá 12. nóvember og 18. desember 2014.

Fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 30. janúar 2015.

Afgreiðslur

1. Oddviti setti fund

2.a. Lögð fram fundargerð umhverfisnefndar frá 26. janúar 2015. Fundargerðin er í 6 liðum. Vegna liðar 3 vill sveitarstjórn taka fram að Skútustaðahreppur er aðili að sameiginlegri náttúruverndarnefnd sveitarfélagana í Þingeyjarsýslum og fer sú nefnd með lögbundin hlutverk náttúruverndarnefnda.
Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu. *Sveitarstjórn Skútustaðahrepps lýsir furðu á fyrirhuguðum niðurskurði á fjárveitingum til landvörslu í sveitarfélaginu. Í ljósi stöðugrar fjölgunar ferðamanna er þörfin fyrir öflugri landvörslu í sveitarfélaginu afar brýn. Sveitarstjórn skorar á Umhverfisstofnun og stjórnvöld að endurskoða boðuð áform um 30% niðurskurð á fjárveitingum til landvörslu í sveitarfélaginu án tafar. Samþykkt samhljóða.*
Sveitarstjórn staðfestir aðra liði fundargerðarinnar.

2.b. Lögð fram fundargerð skipulagsnefndar frá 2. febrúar 2015. Fundargerðin er í 4 liðum.

Liður 3. Dettifoss, áningarsvæði. Umsókn um stofnun spildu undir bílastæði. Sveitarstjórn samþykkir stofnun spildunar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna hana í fasteignagrunni Þjóðskrár.

Liður 4. Geiteyjarströnd. Umsókn um stofnun lóðar/spildu.

Sveitarstjórn samþykki stofnun lóðarinnar/spildunnar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna hana í fasteignagrunni Þjóðskrár.
Sveitarstjórn staðfestir fundargerðarinnar að öðru leyti.

3. Tekið fyrir að nýju en afgreiðslu erindisins var frestað á 11. fundi sveitarstjórnar 14. janúar 2015. Aflað hefur verið tveggja lögfræðialita um lóðarmál Hótel Gígs, annars vegar frá Berglindi Svavarsdóttur hrl. og hins vegar frá Jóni Jónssyni hrl. og er niðurstaða þeirra samhljóða um að hótelið hafi yfir landréttindum að ráða með vísan í kaupsaming milli Skútustaðahrepps og Lykilhótela dags 2. apríl 1998 og ekki sé unnt að líta svo á að samningur eigenda Skútustaða og Skútustaðahrepps hafi byggst á því skilyrði að lóðin og bygging hennar yrðu einungis nýttar til skólalahalds. Gildir þetta hvort sem samningurinn teldist fela í sér afsal á landi eða grunnleigurétt. Í umræddum kaupsamningi kemur fram að fasteignin er seld ásamt tilheyrandi „fylgifé og lóðarréttindum“ og beri að túlka þetta þannig að lóðin hafi fylgt með í kaupunum og sé þar af leiðandi eign hótelsins.

Borist hafa athugasemdir frá Birni og Gylfa Yngvasonum, Skútustöðum 2, þar sem þeir mótmæla hugmyndum að stækkun Hótel Gígs og ítreka áður fram komnar athugasemdir vegna samnings milli eigenda og ábúenda Skútustaða og Skútustaðahrepps frá 7. apríl 1973 um lóðarréttindi fyrir barna- og unglingaskóla Skútustaðahrepps sem þeir telja að hafi byggst á því skilyrði að lóðin og bygging hennar yrðu einungis nýttar til skólalahalds.

Eftirtalin gögn voru lögð fram undir þessum lið.

- a. Lögfræðialit Jóns Jónssonar hrl. dags. 2. apríl 2007
- b. Lögfræðialit Berglindar Svavarsdóttur hrl. dags. 30. desember 2014.
- c. Kaupsamingur milli Skútustaðahrepps og Lykilhótela ehf. um kaup á fasteigninni Barnaskóli í Skútustaðahreppi dags. 2. apríl 1998.
- d. Samningur milli eigenda og ábúenda Skútustaða annarsvegar, og Skútustaðahrepps hins vegar, um lóðarréttindi fyrir barna og unglingaskóla Skútustaðahrepps dags 7. apríl 1973.
- e. Bréf Gylfa Yngvasonar og Björns Yngvasonar til oddvita sveitarstjórnar dags. 8. desember 2005.
- f. Grunnlóðauppdráttur Skútustaðaskóla dags. 3. apríl 1998, fylgiskjal með kaupsamningi dags 2. apríl 1998.
- g. Tölvupóstsamskipti sveitarstjóra og skipulags og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps og Jóns Jónssonar hrl. dags. 3. febrúar 2015.
- h. Afsal vegna lóðaspildu úr landi Álftagerðis dags. 23. apríl 1962.
- i. Bréf Jóns Jónssonar hrl. f.h Skútustaðahrepps til Hótel Valhallar ehf. dags. 15. október 2007
- j. Bréf Jóns Jónssonar hrl. f.h Skútustaðahrepps til Axels Kristjánssonar hrl. dags. 12. mars 2008.
- k. Bréf Gylfa Yngvasonar og Björns Yngvasonar dags. 24. janúar 2015

Yngvi Ragnar Kristjánsson og Sigurður G. Böðvarsson lýstu yfir vanhæfi til umfjöllunar málsins og véku af fundi. Þeirra sæti tóku Elísabet Sigurðardóttir varamaður og Arnheiður Almarsdóttir varamaður. Varaoddviti Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir tók við fundarstjórn. Varaoddviti bar upp eftirfarandi tillögu.

Með vísan í framangreind gögn og lögfræðialit um að Hótel Gígur hafi yfir landréttindum að ráða fellst sveitarstjórn á að heimila umsækjanda að gera deiliskipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar stækkunar á Hótel Gíg í samræmi við 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.